

Fundur 7.3.2022 Alvíró spánverji sem fór fyrir 200 árum.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Góða kvöldið.*

Mikið finnst mér bjart hjá ykkur og skynja ég endurkomu til gömlu jarðarinnar og skynja ég margskonar áhrif frá hinni gömlu sól og finnst mér það undarlegt hvernig okkur er hjálpað til við að skynja hnött ykkar í fjarska, sem eitt sinn var okkar og nálgast svo húsakynni ykkar og miðil ykkar og fund ykkar á landi því sem ég vissi ekki að væri til á meðan ég var uppi á jörðinni

En lengi höfum við þráð að komast aftur í samband við gömlu jörðina og varð það lengi ljóst að ekki yrði unnt að greina frá finni blæbrigðum sögu okkar á spíritistafundum, þar sem fólk væri þar fullvisst að við værum andar og myndi leiðrétt okkur áður en við lykjum við setningarnar.

En er það því fagnaðarefni að koma hér í gegn í kvöld og vona ég að það muni stytta dvöl okkar hér og hjálpa okkur upp í ljósið sem mest og án langra kynna minna við þennan fræðimanna og kuklara hóp sem dvelja í hellisskútum á jörð okkar, hefði ég aldrei komist í kynni við möguleikana á að tala við andanna, eins og sumir segja eða tala við íbúa annarra hnatta eins og aðrir segja sem eru vísindalegri í tali eins og mér var sagt að þið væruð.

Já ég var á jörðinni og hef ég nú mikinn áhuga á því að komast úr þeim erfiðleikum sem ég hef verið staddur í lengi og tel að mér hafi orðið ágengt í því efni og tel ég að ég hafi fengið þau andlegu vopn í hendurnar sem muni duga til þess að koma mér úr þessum stað og í bjartari og betri staði og vil ég gjarnan segja frá því hér í kvöld.

En það sem gerir mér erfitt fyrir er skapið, að erfitt er að fyrirgefa og hér höfum við komið okkur upp ákveðnu lífsmunstri sem veldur nokkurs konar fíkn. Þannig að fæstir temji sér rétt hugarfar til að komast héðan en veit ég þó nokkur dæmi.

Ég skynja til hnattar ykkar og veit ekki hvernig á því stendur að samtímis því sem ég skynja til íss og kulda þess landslags sem svipar til okkar landslags, að hluta til skynja ég til heimalands míns á ykkar hnetti þar sem er sól og blíða um þessar mundir og er mér sagt að ættingjar mínir og aðrir sem stunda þar andleg störf stilli mig til sambands og hjálpi mér að öðlast tvennskonar samband við ykkar hnött.

En hefði ég aldrei trúað þessu að hægt væri að ná sambandi við gamla hnöttinn, fyrir nokkrum árum eða áratugum þegar ég var fastur í þeirri hugmyndafræði að okkar eina takmark væri að drepa gamla biskupinn og komast yfir landsvæði hans og koma alþýðufólkinu til valda á öllum þeim jörðum sem hann hafði náð undir sig á löngum tíma.

Er ég enn í þessum sömu sporum að losna ekki úr hefndarporsta þess efnis að ráðast á gamla biskupinn og þá fjölmörgu embættismenn sem starfa á hans vegum og eru drottunar okkar alþýðu.

Og óttast ég mjög að okkur muni refsað, ef upp mun komast um kukl okkar og samband við þann trúarhóp sem ég nefndi, sem gerir okkur þetta unnt, en það er vel þess virði og veit ég um fjölmörg dæmi manna sem hafa losnað úr þessari ánað og dáið burt frá þessum stað og komið fram annars staðar, höfum við frétt af því.

En biskupinn sem ég nefndi, var prestur í gamla þorpinu okkar á jörðinni og náði hann enn hærri stöðu þar sem við erum nú og erum við að byggja nú ótal kirkjur, stóra kirkju, mjög erfitt. Og hverfa börn okkar og eru kjaftasögur um að þau séu notuð í salarkynnum Keisara og embættismanna innan þessa stjórnskerfis.

Þegar ég kom fyrst á þennan hnött var ég annars staðar þar sem meira ljós var, en nú hef ég um langt skeið verið á rökkurlandi og trúði ég því ekki í fyrstu hvernig ég magnaðist af hatri til gamla biskupsins og hvernig undirhópar sem dýrka Satan á móti þeirri kirkju sem hér er alls ráðandi, gátu lífgað við skrokkana með særingum og töfrabrogðum og samstillingu ofbeldisverka.

Og höfum við verið föst í þessum vítahring um langt skeið, en hingað hafa komið englar nokkurs konar sem hafa boðað okkur afturhvarf til þeirrar kristni sem við þekktum á jörðinni, um fyrirgefningu og ýmislegt annað og jafnvel frætt okkur um lífið í Alheiminum og margskonar vísindi og fræði og hef ég á undanförunum 20 árum eða svo, gefið mig að þessu.

Sakna ég gamla landsins míns og veit ég nú að unnt er að komast á bjartari heimkynni og fylgdist ég grannt og náíð með þeim sem héðan komust og hættu að líkamnast á þessum stað og hvernig þeir slepptu tökunum á hefndarhugnum.

En höfum við fyrir því fullvissu að ýmiss grimdarverk séu framin í kirkjum og embættishúsum lénsheerra og annarra valdamanna á þessum hnetti og vekur það okkur eilífa reiði, hvernig óréttlætið er á þessum stað.

En ég hitti konu af öðru tægi og svo karlmenn og þau snertu andlit mitt og leyfðu mér að sjá sýnir, þar sem ég rifjaði upp bestu stundir mínar úr gamla jarðlífinu og sá þær sýnir að hægt er að fyrirgefa og það er ekki eftirsóknarvert að þræla út þessum líkama fyrir að þurfa að láta af hendi uppskeruna af mestu og fá svo rétt svo nóg til að tóra, sætta sig við þessi lífskjör þegar önnur betri bjóðast.

Ég finn orku mína þverra í sambandinu og ætla ég reyna að segja nafn mitt. Nafn mitt er Alviró, spænskur maður. Var ég í þorpinu Morella á Spáni, 200 ár síðan það var.

Skynja ég margskonar erfiðleika á gamla hnettinum en finn ég einnig fyrir dásamlega sólarljósinu sem ég sakna svo mjög og mörg áhrif, veit ég frá, þeir nefndir galdranornir og galdramenn sem koma í samband við þessa, konan mín á jörðinni komst á betri stað og vil ég komast þangað og já segi frá því síðar.

Þakka ég ykkur fyrir og vona ég að sem fæstir þurfi að fara á þennan hnött af gömlu jörðinni, en það hennti mig óheppilegur atburður, varð manns bani á akrinum og er það væntanlega ástæðan fyrir því að ég fór hingað.

En stefnir það nú allt upp á við vona ég og fullur bjartsýni á að það gerist. Verið þið sælir og þakka ég fyrir.

*Vertu sæll. Vertu blessaður og þakka þér fyrir söguna þína og gangi þér vel að losna út úr vítahringnum.*

Já takk fyrir, verið þið sælir.